

Mál nr. 287/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Kona meiddist þegar ekið var aftan á bifreið sem hún ók, þ. 12.3.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 18.7.2011.

Málsatvik.

M ók bifreið á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar þegar A var ekið aftan á bifreiðina sem M ók. M krefst bóta vegna þeirra líkamsáverka sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur ljóst að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra áverka sem M krefst að þess að V bæti úr ábyrgðartryggingu A. Í því sambandi vísar M til læknisvottorða sem lögð eru fram í málinu. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að M hafi orðið fyrir umferðarslysi árið 2001 og eftir það slys hafi M verið greind með hálstögnun og auk þess sé saga um verki í brjósthrygg. V telur því að ósannað sé að M hafi hlotið þá kvilla sem hún glímir við í dag af umferðaróhappinu þ. 12.3.2010.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að M hafi hlotið þá kvilla sem hún krefst að fá bætta úr ábyrgðartryggingu A í umferðaróhappinu þ. 12.3.2010. Sönnun á orsakatengslum milli þeirra kvilla sem M glímir við í dag og slyssins þ. 12.3.2010 liggur ekki fyrir. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.8. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.